

**Nr. 22-014 S 010 Kaldbakur EA 1*****Skipverji brenndist á fótum***

Skipaskr.nr. 2891  
IMO 9758208  
Smíðaður: Tyrkland 2017, stál.  
Útgerð: Úgerðarfélag Akureyringa ehf.  
Stærð: 2080,78 BT  
Mesta lengd: 62,52 m Skráð lengd: 58,50 m  
Breidd: 13,56 m Dýpt: 8,20 m  
Vél: YANMAR 1620 kW, 2015  
Fjöldi skipverja: 13



Kaldbakur@Hafþór Heiðarsson

**Gögn:**

Gögn RNSA  
Gögn Hótel og  
matvælasjóla MK

Lokaskýrslu afgreidd 31. október 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 28. janúar 2022 var Kaldbakur EA 1 á togveiðum fyrir norðan land. Veður: N 20 -25 m/s.

Matsveinn var við vinnu í eldhúsi skipsins og var nýbúinn að hleypa heitri feiti úr djúpsteikingarpotti niður í þar til gert ílát sem staðsett var í skáp undir pottinum. Stuttu síðar, á veltu, opnaðist skápurinn undan þunga olíuflátsins sem féll út á gólf með þeim afleiðingum að heit olía skvettist yfir fætur matsveinsins.

**Við rannsókn kom eftirfarandi fram:**

- Skipverjinn hlaut 2. og 3. stigs bruna á fótum.
- Skipverjinn var í opnum sandölum.

- Ílátíð var þannig útbúið að á meðan verið er að hleypa úr potti var ekki hægt að læsa skápnum undir ílátinu. (sjá mynd 1)
- Búnaðurinn var þannig hannaður að ætlast var til að afhleypingarbúnaður gæti ekki verið opin á meðan potturinn var í notkun.
- Hurð skápsins var útbúin segulloka sem hélt ekki fullu ílátinu.
- Atvikið varð um kl. 20:00 en næsta dag var útgerð skipsins búin að senda viðvörðun á öll skip fyrirtækisins um atvikið og fór fram á að úrbætur yrðu þegar gerðar um borð í þeim skipum sem notuðust við samskonar búnað.
- Strax var brugðist við þeim tilmælum og komið fyrir flatjárnri sem hindrar að ílátíð geti runnið af stað. (sjá mynd 2)
- Útgerð skipsins fór fram á að vinnuferlar og aðstaða matsveina yrði hættugreindir og ítrekaði bann við notkun djúpsteikingapotta í vondum veðrum.



(Mynd 1)



(Mynd 2)

### Nefndarálit:

Örsök slyssins var að festingar afhleypingaríláts voru ekki fullnægjandi.

### Sérstök ábending:

Matsveinar ættu að nota persónuhlífar en þær helstu eru:

Lokaðir skór gjarnan úr leðri með sóla sem hindrar að menn renni til, verja fætur fyrir heitum vökva og ef þeir missa hnífa úr höndunum á sér (sjá mynd 3).

Þykkar bómullarbuxur sem hlífa því að heit olía brenni, skvettist hún á menn. (sjá mynd 4).

Jakka úr sama efni sem ver fyrir heitum vökva (sjá mynd 5).



(Mynd 3) leðurskór



(Mynd 4) bómullarbuxur



(Mynd 5) bómullarjakkí